

## Stjórnarháttayfirlýsing 2019 Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

### Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er váttryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995<sup>1</sup>, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016<sup>2</sup> og lögum um váttryggingasamstæður nr. 60/2017<sup>3</sup>.

Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/2019<sup>4</sup> eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006<sup>5</sup>.

Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er alhliða váttryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Samkvæmt útgefnum ársreikningum var hlutdeild Sjóvár miðað við iðgjöld ársins hjá íslenskum váttryggingafélögum í árslok 2018 um 26% í skaðatryggingum og um 32% í líf- og heilsutryggingum. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins.

Starfsemi Sjóvár er fjölbreytt og þjónustan yfirgripsmikil en félagið býður tryggingavernd á öllum sviðum til um 7.500 fyrirtæka og um 75.000 einstaklinga hér á landi. Í árslok 2019 störfuðu 183 starfsmenn hjá Sjóvá í 180 stöðugildum. Sjóvá rekur 11 útibú um landið auk höfuðstöðva í Reykjavík. Þá hefur félagið á að skipa þéttu neti umboðs- og þjónustuaðila víðs vegar um landið og leggur kapp á að þjónusta félagsins sé öllum aðgengileg.

Sjóvá hefur verið skráð félag á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland síðan 11. apríl 2014 og því gilda um starfsemina lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007<sup>6</sup> og reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga.

### Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um váttryggingastarfsemi og reglugerð um váttryggingastarfsemi nr. 585/2017<sup>7</sup>. Stjórn félagsins endurnýjaði síðast starfsreglur sínar þann 21. janúar 2020 og eru þær aðgengilegar á sjova.is. Stuðst var við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq

---

<sup>1</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html)

<sup>2</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html)

<sup>3</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html)

<sup>4</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html)

<sup>5</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html)

<sup>6</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2007108.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007108.html)

<sup>7</sup> [www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=3f951865-2127-41b0-aad3-9a8f19a530a6](http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=3f951865-2127-41b0-aad3-9a8f19a530a6)

Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins útgefnum í maí 2015<sup>8</sup> við ritun stjórnarháttayfirlýsingarinnar.

Sjóvá starfar eins og framan greinir eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti og uppfyllir ákvæði þeirra, en á því er neðangreind undantekning.

Í grein 1.1 eru tilgreindar kröfur þess efnis að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt að hluta til eða öllu leyti og greitt atkvæði án þess að vera á staðnum. Stjórn Sjóvár hefur hingað til ekki talið réttlætanlegt að uppfylla þessar kröfur að teknu tilliti til samsetningar hluthafahópsins og kostnaðar.

### Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi.

### Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (FME) og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta félagsins og sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð samhæfðrar áhættustýringar. Áhættustefnan tekur til allra áhættuþátta sem krafist er í lögum um váttryggingastarfsemi og reglugerð um váttryggingastarfsemi. Stefnan var síðast endurnýjuð 10. desember 2019.

Stjórnkerfi og skipulag félagsins eru skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvár á eigin starfsemi er í samræmi við þrjár varnarlínur innra eftirlits. Tekið hefur verið saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit (e. Assurance map) sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innra eftirlitsþáttum og gerir kleift að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, árlegt eigið áhættu- og gjaldþolsmat og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni og auðvelda félaginu að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórn fundar að jafnaði mánaðarlega með áhættu- og öryggisnefnd og einstakir framkvæmdastjórar eiga að lágmarki árlegan fund með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra

---

<sup>8</sup> <http://leidbeiningar.is/>

ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttað og meta hvort það sé fullnægjandi.

Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega váttryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Auk þessa tekur tryggingastærðfræðingur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni sem starfssviðið hefur framkvæmt, niðurstöður þeirra ásamt ábendingum.

Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum sem staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins og var vottunin endurnýjuð eftir úttekt sem framkvæmd var í júní 2019.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2018 fyrir rekstrarárin 2018-2022. Innri endurskoðun er útvistað til Ernst & Young ehf.

### Hlutverk, framtíðarsýn og vegvísar

Á árinu 2019 var áfram unnið að settum markmiðum um stöðu félagsins til framtíðar. Þau byggja á stefnu sem mörkuð var árið 2013 og byggir hún á skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísunum Sjóvár sem starfsfólk hefur að leiðarljósi í starfi sínu. Hlutverk Sjóvár er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Vegvísarnir eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Verum á undan – þannig sýnum við frumkvæði
- Höfum það einfalt – þannig gerum við okkur skiljanleg
- Segjum það eins og það er – þannig sýnum við heiðarleika
- Verum vingjarnleg – þannig verður allt fyrirtækið eftirsóknarvert

### Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Stjórn Sjóvár samþykkti starfsreglur sínar síðast 21. janúar 2020. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda stjórnar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og samþykktir og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið félagsins náist.

Stjórn hélt sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðveru starfsfólks félagsins. Mat stjórnar á eigin störfum á árinu 2019 fór fram í janúar 2020. Stjórn lagði mat á stærð stjórnar, samsetningu, verklag og starfshætti. Stjórnin taldi sig hafa starfað í samræmi við starfsreglur sínar og tryggt að fyrir liggi reglur og stefnur um reksturinn, enda eru reglur

og stefnur endurskoðaðar með reglulegu millibili og eftir því sem aðstæður krefjast í starfsumhverfinu. Starf stjórnarinnar byggir á fyrirfram samþykktri starfsáætlun og mat stjórnin upplýsingagjöf til stjórnarinnar og aðgengi hennar að gögnum gott. Stjórnin lagði mat á störf undirnefnda stjórnar og frammistöðu forstjóra og stjórnarformanns. Einnig var lagt mat á þróun félagsins og niðurstaðan sú að hún væri í samræmi við langtímamarkmið stjórnar og stjórnenda.

Stefna samstæðunnar um samfélagslega ábyrgð er sem hér segir: „Við hjá Sjóvá teljum mikilvægt að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Með því að haga starfsemi á samfélagslega ábyrgan hátt stuðlum við að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavinum, hluthafa og starfsmenn. Sjóvá styður og hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum, vinnur markvisst að jafnrétti og jöfnum tækifærum innan félagsins meðal annars með virkri mannréttindastefnu og jafnlaunavottun. Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum eigin starfsemi með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda. Leitast er við að tryggja að spilling, glæpsamleg starfsemi og peningabætti eigi sér ekki stað innan félagsins eða í viðskiptum við það. Vegvísar Sjóvár byggja undir áreiðanleika og gagnsæi starfseminnar. Auk þeirra er starfsfólki uppálagt að fylgja útgefnum siðareglum félagsins sem eru grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum.“ Sjóvá hefur verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014. Sjóvá hefur Jafnlaunavottun VR sem staðfestir að í félaginu er virkt jafnlaunakerfi og hefur vottunin verið endurnýjuð árlega frá árinu 2014.

Samfélagslega ábyrg tryggingastarfsemi miðar að því að jafnvægi sé milli iðgjalda og tjóna og að þeir fjármunir sem félaginu er treyst fyrir nægi vel fyrir skuldbindingum. Ef þess er einhver kostur er ákjósanlegast bæði fyrir viðskiptavinum og félagið að hindra eða lágmarka tjón. Hjá Sjóvá er unnið að því að takmarka áhættu og tjón með markvissum forvörnum. Félagið hefur undanfarin ár fylgst með þróun umhverfisvísa og auðlinda í rekstri félagsins og er leitast við að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Lögð hefur verið áhersla á að bæta flokkun sorps til endurvinnslu.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvár, starfsreglur endurskoðunarnefndar, starfsreglur tilnefninganefndar, stefna um persónuvernd, stefna um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.

## Stjórn

Stjórn skal skv. samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem hlutfallskosning milli einstaklinga og skulu fyrstu fjögur stjórnarsæti skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið og skal sá einstaklingur sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Í kjöri til varamennsku í stjórn teljast kjörin sú kona og sá karl sem flest atkvæði fá í kjörinu. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi eftir því sem við á. Í starfsreglum stjórnar segir að

leitast skuli við að meirihluta stjórnar skipi stjórnarmenn sem eru óháðir gagnvart félaginu og daglegum stjórnendum þess. Úr hópi aðalmanna skal kjósa stjórnarformann og varaformann stjórnar með einföldum meirihluta. Ekki er í gildi stefna um fjölbreytileika eins og henni er lýst í lögum um ársreikninga en gildandi mannréttindastefna félagsins lýsir áherslum Sjóvár í jafnréttismálum. Markmið stefnunnar er að tryggja að mannauður félagsins verði sem best nýttur með því að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla og jöfnum tækifærum einstaklinga.

Aðalmenn í stjórn Sjóvár eru Hildur Árnadóttir, stjórnarformaður, Erna Gísladóttir, Heimir V. Haraldsson, Hjördís E. Harðardóttir og Ingi Jóhann Guðmundsson. Varamaður í stjórn er Garðar Gíslason. Á aðalfundi félagsins þann 15. mars 2019 var Björgólfur Jóhannsson kjörinn í stjórn félagsins og tók jafnframt að sér hlutverk formanns stjórnar. Á stjórnarfundi félagsins þann 19. nóvember 2019 tilkynnti hann þá ákvörðun sína að víkja tímabundið úr stjórn og Erna Gísladóttir, varamaður í stjórn, tók sæti í stjórn í hans stað. Hildur Árnadóttir tók við stjórnarformennsku í kjölfarið. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

Stjórn Sjóvár telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þau Erna, Heimir, Hildur og Hjördís eru óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Ingi Jóhann er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en hann telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem hann er eigandi og stjórnarmaður í félögum sem eiga beina og óbeina eignarhluti yfir 10% í Sjóvá.

Stjórn Sjóvár fundaði 14 sinnum á árinu 2019 og voru stjórnarfundir fullskipaðir stjórnarmönnum að fimm frátöldum þar sem einn stjórnarmaður forfallaðist.

**Hildur Árnadóttir**, stjórnarformaður, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Reykjavík. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvár frá 15. mars 2019. [viðbót: Hún tók við formennsku stjórnar í nóvember 2019] Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf og síðar sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárstýringar Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Exista hf., Lýsingar hf., Skipta hf., VÍS og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnnum Heimavalla hf., Íslandsstofu, Eldey TLH hf., Norðursiglingar hf., Argyron ehf hf. og MyPulse ehf.

Hildur er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Erna Gísladóttir**, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna hefur setið í stjórn Sjóvár frá 19. nóvember 2019. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri

frá 1991. Auk framangreinds situr hún í stjórnnum BLIH hf., Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Eldhúsvara ehf., Haga hf., Umbreytingar slhf. og Hregg ehf.

Erna er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg ehf. Egg ehf. á 2,91% eignarhlut í Sjóvá.

**Heimir V. Haraldsson**, fæddur 22. apríl 1955, til heimilis í Reykjavík. Heimir hefur setið í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009. Heimir er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1979, og fékk löggildingu sem endurskoðandi 1982. Heimir hefur rekið eigin fjárfestingar- og ráðgjafarfyrtæki og sinnt ýmsum stjórnar- og nefndarstörfum frá árinu 2002. Heimir var framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gildingar hf. 2000–2002. Hann starfaði 1976–2000 hjá Endurskoðun hf., síðar KPMG Endurskoðun hf. í Reykjavík. Hann var meðeigandi og síðar framkvæmdastjóri félagsins í tíu ár, samhliða störfum við endurskoðun og ráðgjöf. Heimir sat í skilanevnd Glitnis banka hf. frá árinu 2008 til ársloka 2011. Heimir situr í stjórnnum Nafns hf., Fjármagns ehf., Safns ehf., Safns-Ráðgjafar ehf. og Forða ehf.

Heimir er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Hjördís E. Harðardóttir**, fædd 18. apríl 1964, til heimilis í Reykjavík. Hjördís hefur setið í stjórn Sjóvár frá 29. apríl 2014. Hjördís lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1989 og LL.M. í alþjóðlegum viðskiptarétti frá London School of Economics 1992. Hjördís starfar sem hæstaréttarlögmaður á Megin lögmannsstofu. Hún var framkvæmdastjóri á upplýsinga- og stjórnunarsviði VÍS 1996-2001, deildarstjóri í atvinnutryggingum hjá sama félagi frá 1995 og áður við störf hjá sama félagi frá 1989. Hún var formaður skilanevndar Sparisjóðabanka Íslands 2009-2012 og sat í stjórn Okkar líftrygginga 2009-2011 og í stjórn Höfðatorgs ehf. frá 2012-2014.

Hjördís er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Ingi Jóhann Guðmundsson**, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. Hann var framleiðslustjóri Íslenskra sjávarafurða frá 1995-2000. Hann situr í stjórnnum Síldarvinnslunnar hf. og SVN eignafélags ehf. Ingi Jóhann er stjórnarformaður í SVN eignafélagi ehf. SVN eignafélag ehf. á 13,97% hlut í Sjóvá, en auk þess á Ingi óbeinan hlut í SVN eignafélagi í gegn um Síldarvinnsluna hf. og Kjálkanes ehf. sem á 34,2% hlut í Síldarvinnslunni og Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf.

Ingi telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

#### Varamenn í stjórn

**Garðar Gíslason**, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvár frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands

1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmannsstofu, en frá haustinu 2016 á IUS lögmannsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattrannsóknastjóra ríkisins og staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: IUS lögmannsstofa ehf., Salvus ehf. (varamaður), Landhlíð ehf. (varamaður), Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Hlíðarfótur ehf., Valshjartað hf. og Kná ehf.

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnsýslu-, félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar.

Garðar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

### Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvár, skipa Hermann Björnsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvarsdóttir viðskiptafræðingur og Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður. Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri Tjónasviðs og Grétar Dór Sigurðsson lögmaður. Hafdís, Heiðrún og Grétar teljast óháð Sjóvá lífi, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum. Stjórn Sjóvár lífs átti sjö fundi á árinu 2019.

### Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefndir Sjóvár og Sjóvár lífs skipa Helga Sigríður Böðvarsdóttir formaður, Friðrik S. Halldórsson og Sigrún Guðmundsdóttir. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftár ef þurfa þykir. Nefndin átti sjö fundi árið 2019. Að auki átti nefndin árlegan fund með stjórn og innri og ytri endurskoðendum um áhættustýringu og innra eftirlit. Nefndin fundaði einnig með forstjóra. Fundir voru allir fullskipaðir nefndarmönnum. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð árshlutauppgjöra og ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit, rýni starfsreglna, rýni verklags við útreikning vátryggingaskuldar, rýni áhættuskýrslu, rýni ORSA ferlis, yfirferð skýrslu regluvörslu, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunarnefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, rýndi stefnu um innra eftirlit og innri endurskoðun, kynnti sér útreikninga vátryggingaskuldar, skýrsluskil til FME og tilhögun upplýsingagjafar stjórnenda til stjórnar, kynnti sér gerð heildstæðs yfirlits innra eftirlits (e. Assurance map), rýndi uppgjörferil og lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var á sviðum Sölu- og ráðgjafar, Mannauðs, Stefnuþótunar og viðskiptaþróunar, Áhættustýringar auk árlegrar úttektar á Upplýsingatækni og stjórnarháttum.

### Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og skal fylgja mannréttindastefnu félagsins ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og -stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Starfskjaranefnd er skipuð öllum stjórnarmönnum og átti nefndin tvo fundi á árinu.

### Tilnefninganefnd

Hlutverk tilnefninganefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt. Nefndinni ber einnig að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Tilnefninganefnd er skipuð þremur nefndarmönnum sem kjörnir voru á hluthafafundi 26. október 2018. Nefndina skipa Katrín S. Óladóttir formaður, Jón Birgir Guðmundsson og Vilborg Lofts. Nefndin átti 10 fundi á árinu.

### Fjárfestinganefnd

Í reglum stjórnar Sjóvár um fjárfestingastarfsemi félagsins eru skýrðar heimildir forstjóra til ákvarðana um fjárfestingar án fyrirfram ákveðins samþykkis stjórnar. Fjárfestinganefnd, sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, forstöðumanni fjárfestinga og staðgengli forstöðumanns fjárfestinga, fer sameiginlega með fjárfestingaumboð forstjóra. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með fjárfestingum samstæðunnar og ber nefndin ábyrgð á að rýna fjárfestingastefnu og bera undir stjórn til samþykktar að minnsta kosti einu sinni á ári.

### Áhættu- og öryggisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn félagsins til stuðnings við greiningu og stýringu á þeim áhættum sem félagið stendur frammi fyrir. Áhættu- og öryggisnefnd hefur einnig yfirumsjón með því að unnið sé að samhæfðri áhættustýringu. Nefndin skal hafa yfirsýn yfir virkni gæðakerfis og að öryggismál séu ávallt í takti við þarfir félagsins og uppfylli lög og reglur. Nefndin rýnir áhættustefnu, ORSA stefnu, upplýsingaöryggisstefnu, stefnu um gæði gagna og gæða- og öryggisstefnu áður en þær eru lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Nefndin hefur eftirlit með og tekur ákvörðun um eigin áhættu og endurtryggingavernd félagsins að tillögu fjármálasviðs. Í nefndinni sitja forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála sem er formaður nefndarinnar, forstjóri og framkvæmdastjóri Sjóvár lífs.

### Forstjóri

Forstjóri Sjóvár er **Hermann Björnsson**, fæddur 15. febrúar 1963 til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Hermann Björnsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í

lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnnum Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna, líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. og Samtaka fjármálafyrirtækja. Hann situr í stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. og fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011. Hermann á 0,042% eignarhlut í félaginu.

### **Skipurit samstæðu**

Starfsemi félagsins er skipt upp í þrjú megin svið, þ.e. fjármál og þróun, sölu og ráðgjöf og tjón. Áhættustýring og gæðamál, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, hagdeild, mannauður, stefnumótun og viðskiptaþróun og trygginga- og tölfræðigreining heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvár lífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar þriggja megin sviða félagsins. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er staðgengill forstjóra og einnig framkvæmdastjóri Sjóvár lífs sem og annars dótturfélags samstæðunnar.

### **Framkvæmdastjórn**

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsmönnum þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra. Meðlimir framkvæmdastjórnar eiga hlutafé í félaginu eins og síðar greinir en engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við stjórnendur félagsins.

**Ólafur Njáll Sigurðsson**, fæddur 22. maí 1958, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri fjármála og þróunar og staðgengill forstjóra. Fjármálasvið ber ábyrgð á innheimtu og reikningshaldi, endurtryggingum og upplýsingatækni. Ólafur Njáll er jafnframt framkvæmdastjóri Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. og Sjóvá Forvarnahússins ehf. en engin dagleg starfsemi er í síðarnefnda félaginu. Ólafur Njáll er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1984. Hann var fjármálastjóri hjá Latabæ ehf. 2004-2009 og forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins hf. frá 1990-2004. Hann starfaði sem fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins hf. 1987-1989 sem bókar og aðalbókari hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1982-1987. Ólafur Njáll situr í stjórnnum Sigurðar Njálssonar ehf. og Ásgeirs Péturssonar ehf. Ólafur Njáll hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2009. Félag í hans eigu og undir hans stjórn á 0,061% eignarhlut í Sjóvá.

**Auður Daniélsdóttir**, fædd 18. júní 1969, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Útibú og umboðsnet félagsins tilheyrir einnig sviðinu, auk og markaðsmála og forvarna og stofnstýringar. Auður er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997, og lauk diplómanámi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands 2002 og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona 2008. Hún var framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár frá 2007-2017 en var áður starfsmannastjóri frá 2002.

Auður starfaði sem starfsmannaráðgjafi hjá PriceWaterhouseCoopers ehf. 1998-2002, sem fulltrúi í hagdeild Samskipa hf. 1997-1998 og flugfreyja hjá Flugleiðum hf. 1991-1997. Auður á 0,061% eignarhlut í félaginu.

**Elín Þórunn Eiríksdóttir**, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tjónasviðs. Sviðið sér um tjónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvæðanir, tjónaskoðun, áætlun á tjónaskuld og lögfræðipjónustu. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar Sjóvár frá 2012 og síðar viðskiptapróunar og rekstrar og þróunar. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Elín starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, og hefur setið í stjórnnum Valitors hf., Símans hf., Radíómiðunar ehf. og Staka Automation ehf. Elín á 0,061% eignarhlut í félaginu.

#### Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

**Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.**  
**21. janúar 2020**